

Barist gegn endurupptöku vörugjalda

Þann 1. september 2009 var gamall draugur – vörugjöld á ýmsar vörur – vakinn upp að nýju. FA (þá FÍS) beitti sér mjög gegn þessum áformum. Félagið skrifaði bréf til fjármálaráðherra sem fylgt var eftir af krafti og einnig var nýrri skattlagningu mótmælt á blaðamannafundi um efnahagstillögur FA. Á fundinum var stillt upp dæmum um vörur sem bera vörugjöld annars vegar og sambærilegar vörur sem ekki bera vörugjöld. Þessi samanburður var sláandi og vakti mikla athygli.

FA gagnrýndi endurupptöku á vörugjöldum á tiltekna vörur, enda voru breytingarnar handahófskenndar. Í bréfi til fjármálaráðherra sagði „Ekki verður séð af athugasemdum með upphaflegu frumvarpi og breytingum á því að efnislegir þættir ráði því hvaða vörur fái á sig vörugjöld, þótt flestar umræddar vörur innihaldi sykur eða sætuefni. Fjölmargar vörur sem hafa mikið sykurrinnihald eru undanþegnar þeirri álagningu vörugjalda sem hefur verið lögfest á meðan aðrar vörur sem hafa ekkert sykurrinnihald á á sig vörugjöld. ...FA fer þess á leit við fjármálaráðherra að hann beiti sér fyrir endurskoðun á þeirri upptöku vörugjalda sem var lögfest á dögnum. Ekki verður við það unað að handahóf ráði för við skattlagningu. Það raskar samkeppni á markaði auk þess að mismuna neytendum.“

Stórhækkað tryggingagjald bitnar harkalega á verslun og þjónustu. FA gerir alvarlegar athugasemdir við skattahugmyndir ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru í gær og þá sérstaklega það sem snýr að tryggingagjaldi og fjölgun skattþrepa viðrisaukaskatts. Áhersluatriði í málflutningi FA eru eftirfarandi:

- FA gerði athugasemdir við tvær hækkunir tryggingagjalds á árinu. Tryggingagjald er launatengt gjald og hefur því mest áhrif á fyrirtæki þar sem launakostnaður er hlutfallslega hár. Sú hækkun tryggingagjalds sem komin er fram leggst því þyngra á verslunar- og þjónustufyrirtæki – og ekki hvað síst lítil og meðalstór fyrirtæki – en annars konar fyrirtæki í landinu. Áætla má að a.m.k. 60% starfa í einkageiranum séu í verslunar og þjónustugreinum og því augljóst að frekari hækkun tryggingagjalds bitnar hart á þessum geira.
- FA gerði einnig athugasemdir við þegar hugmyndir um frekari hækkun tryggingagjalds komu fram í nóvember – að því er virtist í stað illa útfærðra hugmynda um auðlindaskatta. Félagið mótmælti slíkum vinnubrögðum, enda augljóslega um að ræða töluverða færslu á skattlagningu yfir til verslunar- og þjónustufyrirtækja – þrátt fyrir algjört eftirspurnarhrun í landinu.